

Minnisblað

Dagsetning: 7.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022 – Flórigoðar á Vífilstaðavatni

Flórigoðar hafa á undanförunum áratug orpið í auknu mæli á Vífilsstaðavatni. Ástæðuna má rekja bæði til fjölgunar flórigoða og eins til aðgerða af hálfu Garðabæjar til að búa í haginn fyrir varpfugla með því að koma fyrir stórum trjágreinum í norðurenda vatnsins, sem er bæði grunnur og mjög gróinn. Flórigoðar gera sér flothreiður sem fest eru við gróður eða bakka. Göngustígurinn umhverfis vatnið liggur alveg við norðurbakka Vífilsstaðavatns þar sem aðal varpsvæði flórigoðans er, en sú mikla umferð sem þar er gæti haft áhrif á varpárangur. Áhættan er sú að fuglar fælist ítrekað af hreiðrum, sem getur síðan komið niður á varpárangri. Markmið vöktunarinnar er að athuga varpárangur flórigoða á álagssvæðinu og bera saman við svæði á Norðausturlandi (sem Náttúrustofa Norðausturlands sinnir) þar sem flórigoðar verða fyrir minna álagi af völdum ferðamanna. Þá fást úr vöktuninni upplýsingar um dreifingu hreiðra, sem hægt er að bera saman við seinni athuganir til að sjá hvort tilfærsla verður vegna truflunar.

Framkvæmd 2022

Vífilsstaðavatn var heimsótt tímabilinu frá maí og fram í ágúst sumarið 2022 (Tafla 1 og 2). Í hverri heimsókn voru flórigoðar taldir og aldursgreindir til fullorðinna fugla og unga frá sumrinu. Dreifing flórigoða á vatninu var skráð og hreiður hnitsett og teiknuð inn á kort (1.mynd). Skráð var gerð hreiðra (manngerð skjól eða náttúruleg) og fjöldi eggja. Pallar og ófullgerð hreiður voru einnig skráð. Niðurstöður kortlagningar fugla og hreiðra voru settar inn í landfræðilegt upplýsingakerfi sem notað var til að finna út fjarlægðir hreiðra í næsta göngustíg.

Við valin hreiður voru settar eftirlitsmyndavélar af gerðinni UM595-2G sem festar voru með sérsmíðuðum festibúnaði á gagnvarða 100/1800 mm girðingastaura sem reknir voru ofan í botnsetið. Myndavélar voru einungis settar við hreiður sem legið var á. Myndavélarnar voru stilltar þannig að þær tóku myndir með 5 mínútna millibili stanslaust yfir áleguna. Heilt yfir virkuðu myndavélar vel, líkt og áður yrði helst til bóta í viðlíka vöktun ef öflugri straumgjafi væri notaður svo ekki þyrfti að huga að rafhlöðuskriptum yfir álegutímann. Kæmi það í veg fyrir óþarfa rask og eins að engin hætta yrði á að missa úr mikilvægum myndir vegna straumleysis.

Alls voru settar upp myndavélar við sex hreiður við norðurenda vatnsins, en varpsvæði flórigoða virðist alfarið bundið við það svæði. Hentugir varpstaðir liggja þar nærri göngustígnum umhverfis vatnið og er vinsælt meðal göngufólks og ljósmyndara að ganga að vatnsbakkanum þar og njóta nálægðar við fuglana. Markmiðið var að koma myndavélum á sex hreiður og gekk það eftir. Veður hafði mikil áhrif á varp, öldurót eyðilagði marga palla og eins urðu þrjú hreiður fyrir afráni. Gekk varp flórigoða sumarið 2022 heilt yfir illa á Vífilstaðavatni og var varpárangur því lélegur.

Tafla 1. Varp flórgoða við Vífilstaðavatn árið 2022.

Hreiður Nr.	Myndavél Nr.	GPS	Hreiðurgerð	Varptilraunir	Varp staðfest	Egg	Ungar (klaktir)
#1	NI-01	64,081750 -21,869350	Varphólmi 1	3	30.maí 14.júní 7.júlí	10 (5 3 2)	2
#2	NI-02	64,081600 -21,868550	Varphólmi 2	2	30.maí 20.júlí	6 (4 2)	4
#3	NI-03	64,080725 -21,868038	Varphólmi 3	1	30.maí	4	2
#4	NI-05	64,081530 -21,868040	Náttúrul. - pallur	1	7.júní	2	4
#5		64,081602 -21,868595	Varphólmi 2	1	7.júní	6	0
#6	NI-04	64,081740 -21,869390	Varphólmi 1	2	10.júní 19.júlí	6 (4 2)	1
#7	NI-06	64,081360 -21,867690	Náttúrul. - pallur	1	10.júní	4	0
#8		64,081730 -21,869340	Varphólmi 1	1	27.júní	4	0



1. mynd. Hreiðurstaðir flórgoða á Vífilstaðavatni árið 2022. Hreiður voru númeruð (#1-#8) og myndavélar voru settar við sex hreiður [NI-01-NI-06].

Tafla 2. Yfirlit yfir vettvangsathuganir NSV vegna athugana á flórigoðavarpi á Vífilstaðavatni 2022.

Dagsetning	Starfsmenn	Talning	Kortlagning fugla	Kortlagning hreiðra	Myndavélar	Heildarfjöldi talinna fugla	Verklýsing
4.5.2022	SG	X	X			8	Talið frá norðurenda.
10.5.2022	SG	X		X		5	Talið frá norðurenda.
21.5.2022	SG	X		X		11	Talið frá norðurenda.
25.5.2022	SG	X	X	X		12	Talið frá norðurenda.
30.5.2022	SG	X		X		14	Talið frá norðurenda.
1.6.2022	SG	X		X	X	12	Talið frá norðurenda. Þrjú hreiður með eggjum, eitt hreiður í hverjum varphólma. Myndavélar NI-01, NI-02 og NI-03 settar upp í Varphólum #1, #2 og #3.
3.6.2022	ÓPJ	X		X		12	Talið frá norðurenda.
11.6.2022	SG	X		X		15	Talið frá norðurenda. Alls 7 hreiður, fjögur hreiður hafa bæst við: 1 í varphólma#1, eitt í varphólma#2 og tveir náttúrulegir pallar austan við varphólma#2.
14.6.2022	SG	X		X	X	14	Talið frá norðurenda. Myndavél NI-04 sett upp í Varphólma#1.
16.6.2022	ABM	X		X		12	Talið frá norðurenda.
17.6.2022	SG	X	X	X	X	14	Talið frá norðurenda. Myndavélar NI-05 og NI-06 settar upp við náttúrulega palla.
22.6.2022	ÓPJ	X		X		14	Talið frá norðurenda.
25.6.2022	SG	X		X	X		Talið frá norðurenda. Skipt um batterí í NI-01 og NI-02, NI-03. Ungar að klekjast við NI-02 og NI-03.
27.6.2022	AMB/ÓPJ	X		X		15	Talið frá norðurenda. Nýtt hreiður A-megin á Varphólma#1, nú alls 8 hreiður virk.
28.6.2022	SG	X		X	X	15	Talið frá norðurenda. Skipt um batterí í NI-05 og NI-06.
1.7.2022	SG	X	X	X		15	Talið frá norðurenda.
2.7.2022	SG	X		X	X	14	Talið frá norðurenda. Skipt um batterí í NI-04.
4.7.2022	ÓPJ	X		X		15	Talið frá norðurenda. Legið á öllum átta hreiðrum nema hreiðri í Varphólma#3.
6.7.2022	ÓPJ	X		X		12	Talið frá norðurenda. Legið á fjórum hreiðrum en hreiður NI-02, NI-03, NI-05, NI-06 öll tóm.
7.7.2022	SG	X		X		-	Djúp lægð gekk yfir landið, öll hreiður horfin nema NI-01 og #8 (í varphólma#1).
8.7.2022	ÓPJ	X		X		10	Talið frá norðurenda. Bara legið á tveimur hreiðrum í varphólma#1, þ.e. NI-04 og hreiðri án myndavélar.
9.7.2022	SG	X		X	X	-	Legið á hreiðrum NI-01 og hreiðri #8 í Varphólma#1. Myndavélar NI-02, NI-03, NI-04, NI-05 og NI-06 allar teknar niður.
12.7.2022	SG	X		X		13	Talið frá norðurenda. Legið á NI-01 og hreiðri #8, egg í hreiðrum. Tvö pör bera efni í hreiður, annað í Varphólma#1 og hitt í Varphólma#2.
15.7.2022	SG	X		X	X	13	Talið frá norðurenda. Skipt um batterí. Legið á NI-01 og hreiðri #8, egg í hreiðrum. Tvö pör bera efni í hreiður, annað í Varphólma#1 og hitt í Varphólma#2.
19.7.2022	ÓPJ	X		X		8	Talið frá norðurenda. Nýtt hreiður komið í NI-02, legið á.
20.7.2022	SG	X		X		-	Myndavél NI-01 tekin niður (verið tomt sl. tvo daga - sjá "daily report"). Hreiður #8 var líka tomt, við bæði hreiður brotin eggjaskurn. MYNDVÖKTUN 2022 lokið. Nýtt hreiður komið í NI-02 (tvö hvít egg).
22.7.2022	ÓPJ	X		X		6	Talið frá norðurenda. Bara legið á NI-02.
25.7.2022	ABM	X		X		10	Talið frá norðurenda. Flórigoðar liggja á í Varphólum #1 og #2, þ.e. NI-02 og NI-03.
27.7.2022	ABM	X		X		8	Talið frá norðurenda. Bara legið á NI-02.
29.7.2022	ABM	X		X		6	Talið frá norðurenda. Bara legið á NI-02, fugl fór reglulega af og á hreiður.
1.8.2022	ABM	X		X		11	Talið frá norðurenda. Engir flórigoðar á hreiðrum, skúfendur hafa tekið yfir hreiður.
3.8.2022	ABM	X		X		7	Talið frá norðurenda. Engir flórigoðar á hreiðrum, skúfendur hafa tekið yfir hreiður.
10.8.2022	ABM	X		X		13	Talið frá norðurenda. Engir flórigoðar á hreiðrum.
11.8.2022	SG	X		X		18	Talið frá norður- og austurenda. Alls 18 fullorðnir og 3 ungar taldir. Vöktun lokið.

SG: Sindri Gíslason, ÓPJ: Ólafur Páll Jónsson, ABM: Anna Bára Másdóttir

Ástandsmat og frumniðurstöður

Úrvinnslu gagna er að mestu lokið. Búið er að setja inn í landupplýsingakerfi (GIS) niðurstöður talninga á hreiðrum og fuglum og fara í gegn um myndir úr myndavélum og greina varpárangur (1 & 2.mynd). Helstu niðurstöður eru þessar:

- Fjöldi flórgoða var frá 5–18 einstaklingum yfir varptímann, en mestur fjöldinn var í lokatalningu þann 11. ágúst. Er þetta mun minni fjöldi en árið 2021 þegar mestur fjöldi var 29 einstaklingar.
- Að staðaldri voru 14 fuglar á vatninu og voru mest 8 hreiður virk á sama tíma.
- Alls voru 12 varptilraunir staðfestar, 42 eggjum orpið og 13 ungar klöktust.
- Mest voru 3 flórgoðahreiður á sama tíma í einum varphólma, stærð hans var 230 cm í þvermál.
- Alls eyðilögðust 75% (6) af virkum hreiðrum í djúpri lægð sem gekk yfir landið þann 7. júlí og afföll urðu á ungum.
- Sílamáfur afrændi a.m.k. 3 hreiður.
- Síðasta talning sumarsins gaf 3 unga, er það talin ungaframleiðsla Vífilstaðavatns sumarið 2022.

Tillögur að úrbótum og staða vöktunar

Verkefnið gekk heilt yfir vel fyrir sig. Hvort sem framhald yrði á þessu verkefni eða viðlíka verkefni yrði til mikilla bóta ef straumgjafamál myndavélanna yrðu bætt. Venjulegar AA rafhlöður duga lengst í 9–12 daga í vélunum. Ókostur er að þurfa að raska ró álegufugla að óþörfu, en hægt er að fá litla rafgeyma sem duga leikandi út álegutímann.

Ekki er mikið um hentuga varpstaði fyrir flórgoða á Vífilstaðavatni. Hefur varphólmum verið komið upp við norðanvert vatnið. Það hefur gefist vel og eru hólmannir sem eru samsettir belgjum sem festir eru á niðurrekna staura sem mynda undirstöðuna, birki og víðigreinar eru svo festar við undirstöðuna og mynda hólmann. Þetta hefur gefist vel og er vel nýtt af flórgoðunum, hafa að jafnaði verið mun fleiri hreiður gerð í varphólmunum en náttúrulega við vatnið. Engar sérstakar reglur eru um fjölda, stærð eða gerð varphólma á friðlýstum svæðum. Það er líklega eitthvað sem ætti að breyta og taka afstöðu til.

Flórgoði hefur verið í sókn síðastliðinn áratug á SV-landi og hefur í auknu mæli orpið á Vífilstaðavatni. Vífilstaðavatn er mikið útivistarsvæði og býður upp á einstakar aðstæður fyrir ferðamenn að sjá þennan skrautlega og áhugaverða fugl, flórgoðann. Verkefnið hefur skilað áhugaverðum niðurstöðum um varpárangur, áhrif veðurs, gæði varpsvæðis og nábýli tegundarinnar í varpi. Ekki er talin sérstök þörf á áframhaldandi vöktun í núverandi mynd, en talin er full ástæða til að fylgjast áfram með stöðu flórgoða á helstu vötnum á SV-landi og ætti það að nást í árlegri vatnafuglavöktun.

Eftirfarandi úrbætur er taldar nauðsynlegar í kjölfar verkefnisins:

- Takmarka aðgengi ferðafólks að bökkum norðanmegin Vífilstaðavatns og koma upp upplýsingaskiltum.
- Koma upp verklagi og leiðbeiningum þegar kemur að gerð og uppsetningu manngerðra varphólma á friðlýstum svæðum.



2. mynd. Flórgoðavöktun á Vífilstaðvatni sumarið 2022. **A)** Vöktunarmyndavélar vakta hreiður í varphólma, myndin sýnir 8 egg í hreiðrinu, alls voru 3 virk hreiður í varphólmanum á saman tíma. **B)** Pallur, náttúrulegt hreiðurstæði. **C)** Flórgoðapar með þrjá unga. **D)** Afrán sílamáfs á flórgoðahreiður.